

Nd.

443. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á lögum um skipun læknishéraða o. fl.

Nefnd sú, er háttvirt neðri deild alþingis kaus, til að íhuga og láta uppi álit sitt um ofangreint frumvarp, hefir eigi orðið á eitt mál sátt.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að enda þótt gerð væri all-mikil breyting á læknaskipun landsins með lögum 16. nóv. 1907, þá bresti þó enn nokkuð á, að læknaskipunin sé í sumum héruðum landsins komin í það horf, er við megi una til langframa. — Meiri hlutinn verður og að vera þeirrar skoðunar, að þær óskir landsmanna er lúta að því, að þeim sé eigi gert það ókleift, eða því sem næst, að verða að-njótandi læknishjálpar, séu flestum kröfum réttmætari, þó að fjárhagsástandið, sem og læknafæðin, sem enn er, verði að valda því, að eigi sé bætt úr allra þörfum í einu og verði því að fara þá leiðina, að bæta úr henni smám saman, og láta þá þau héruðin sitja í fyrirúmi, þar sem þörfin virðist brynust.

Að því er nú kemur til skiftingar núverandi Ísafjarðarlæknishéraðs í tvö læknishéruð: Ísafjarðarhérað og Nauteyrarhérað, lítur meiri hlutinn svo á, að hér sé um svæ-afar-bryna nauðsyn að ræða, að það væri beinlínis að stofna lífi margra manna í hættu, að verða eigi við þeim óskum, er alþingi hafa borist úr héruðunum umhverfis innnvert Ísafjarðardjúp, um endurreisn Nauteyrarhéraðs, sem sérstaks læknishéraðs. — Áskoranir þær, er alþingi hafa borist, bera það með sér, að það getur tekið marga daga, og jafn-vel vikur, að nálgast lækni frá Ísafirði, auk þess er kostnaðurinn, sem af því leiðir, meiri en svo, að íbúarnir (nær 1200 að tölum), sem allflestir eru efnalitlir, fái undir risið.

Vér ráðum því alþingi eindregið til þess, að samþykkja frumvarpið með þeim viðauka — þar sem eigi verður ef til vill kostur á lækni í þetta nýja læknishérað þegar í stað —, að lögin komi eigi til framkvæmdar, fyr en sérstakur læknir fær veitingu fyrir embættinu, svo að það baki landssjóði öngan kostnað, fyr en sérstakur læknir fæst.

Auk ofanefnds frumvarps, er nefndinni fyrst var falið til meðferðar, hefir þess-um frumvörpum verið vísað til hennar:

1. Um skiftingu Sauðárkrókhéraðs í tvo læknishéruð: Sauðárkrókhérað og Reykja-hérað;
2. Um stofnun sérstaks læknishéraðs milli Seyðisfjarðar- og Reyðarfjarðarhéraða, er nefnist Norðfjarðarhérað, og
3. Um stofnun sérstaks læknishéraðs í Rangárvallasýslu, er nefnist Eyjafjallahérað.

Meiri hlutinn játar að vísu, að æskilegt væri, að geta orðið við þeim óskum, er í nefndum þrem frumvörpum felast, en sér þó, samkvæmt framansögðu, eigi fært að ráða þinginu til þess að samþykkja neitt þeirra að þessu sinni.

Aftan við frumvarpið á þingskjali 106. bætist svólátandi málsgrein.
Lög þessi koma eigi til framkvæmdar, fyr en sérstakur læknir er skipaður í Nauteyrarhérað.

Alþingi 13. apríl 1909.

Skúli Thoroddsen,
form. og framsögum.

Jón Sigurðsson,
skrifari.

Þorl. Jónsson.

Með fyrirvara

Jón Magnússon.

Pétur Jónsson.